

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


September 2025

Fjárhagur og fátækt

Fjárhagur heimilanna

Fjárhagur heimilanna í landinu hefur sjaldan verið betri síðan mælingar hófust. Hann vænkaðist jafnt og þétt eftir hrun og var bestur í samkomutakmörkunum vegna heimsfaraldurs. Eftir það fjölgaði aftur þeim sem náðu ekki endum saman en nú hefur þeim aftur fjölgað sem ná að safna sparifé.

Minna en einn af hverjum tíu landsmönnum nær ekki endum saman á meðan nær sjö af hverjum tíu ná að safna sparifé.



Konur eru líklegri en karlar til að safna skuldum eða þurfa að ganga á sparifé sitt til að ná endum saman, á meðan karlar eru líklegri en konur til að rétt ná endum saman. Fólk milli þrítugs og sextugs á erfiðast með að ná endum saman.


Eins og búast mátti við er sá helmingur þjóðarinnar sem hefur lægri fjölskyldutekjur líklegri til að safna skuldum eða ná endum saman með naumindum en sá helmingur sem hefur hærri tekjur. Því er öfugt farið þegar kemur að því að ná að safna sparifé.

Hlutfall þeirra sem ná ekki endum saman er hæst meðal þeirra sem kysu Flokk fólksins ef kosið yrði til Alþingis í dag en hlutfall þeirra sem ná að safna sparifé er hæst meðal þeirra sem kysu Sjálfstæðisflokkinn.

Fylgni er milli þess að ná illa endum saman og að búa í leiguhúsnæði.

Greiningar


■ Við söfnum skuldum/notum sparifé til að ná endum saman ■ Endar ná saman með naumindum
■ Við getum safnað sparifé



* Marktækur munur á milli hópa

Fátækt á Íslandi

Um 34% segja einhvern í fjölskyldu sinni búa við fátækt en fjölskylda var skilgreind bæði sem allra nánasta fjölskylda og nánir ættingjar eins og frændur og frænkur. Ríflega 36% til viðbótar sögðu einhvern í fjölskyldu sinni einhvern tíma hafa búið við fátækt. Þetta er svipað hlutfall og í síðustu mælingum.




■ Einhver býr við fátækt ■ Einhver hefur búið við fátækt ■ Enginn hefur búið við fátækt

Yngra fólk er almennt líklegra en eldra til að segja einhvern í fjölskyldu sinni búa við fátækt. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri en íbúar landsbyggðarinnar til að segja einhvern í fjölskyldu sinni búa við fátækt. Íbúar landsbyggðarinnar eru aftur á móti líklegri til að segja einhvern í fjölskyldunni einhvern tíma hafa búið við fátækt.

Fólk með háskólapróf er líklegra en fólk með minni menntun til að segja engan úr fjölskyldu sinni hafa búið við fátækt. Fólk með lægstur fjölskyldutekjur er líklegra en fólk með hærri tekjur til að segja einhvern úr fjölskyldunni búa við fátækt.

Hlutfall þeirra sem segja fjölskyldumeðlim búa við fátækt er hæst meðal þeirra sem kysu Flokk fólksins ef kosið yrði til Alþingis í dag. Hlutfall þeirra sem segja fjölskyldumeðlim aldrei hafa búið við fátækt er hæst meðal þeirra sem kysu Sjálfstæðisflokkinn.

Þau sem búa í eigin húsnæði eru ólíklegri til að segja einhvern í fjölskyldu sinni búa við fátækt en þau sem búa í leiguhúsnæði eða í foreldrahúsum. Þau sem ná að safna sparifé eru sömuleiðis ólíklegri til þess en þau sem ná endum saman með naumindum eða safna skuldum.



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Telur þú að einhver í fjölskyldu þinni búi við fátækt núna? Hér er bæði átt við allra nánustu fjölskyldu og nána ættingja eins og frænkur og frændur.
- En veist þú til þess að einhver í fjölskyldu þinni hafi einhvern tíma búið við fátækt?
- Hver af eftirtöldum fullyrðingum á best við um fjárhag heimilisins?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 12. til 27. júní 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.695 og þátttökuhlutfall var 47,6%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.